

Ár 2017, þriðjudaginn 20. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

## Að ákveða laun og starfskjör ferðamálastjóra

### I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Ferðamálastjóri er á lista fjármála- og efnahagsráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Heyrir því undir kjararáð að ákveða ferðamálastjóra laun.

### II.

Kjararáði barst bréf dagsett 6. júní 2016 frá ferðamálastjóra. Í bréfinu er þess óskað að kjararáð endurskoði launakjör hans. Fram kemur að umfangsmiklar breytingar hafi orðið á starfsemi og starfsumhverfi Ferðamálastofu frá því ferðamálastjóra hafi síðast verið ákveðin laun. Í bréfinu segir að ferðapjónustan hafi vaxið mjög að umfangi á síðustu árum. Ferðamönnum hafi fjölgað um 167% milli árana 2008 og 2015 og áætlað sé að um 19.000 manns starfi nú á vettvangi ferðapjónustunnar. Þá hafi ferðapjónustan aflað um 31% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar árið 2015 og því verið sú atvinnugrein sem skapaði stærsta hluta þeirra. Ferðapjónustan hafi umbylst á undanförunum árum og þau verkefni sem hafi skapast hafi bæði verið umfangsmikil og krefjandi. Segir jafnframt í bréfinu að starfsemi Ferðamálastofu sé nú mun meiri að umfangi en áður, bæði hvað varði verkefnastöðu og fjárhagslega umsýslu. Fram kemur að talsverðar breytingar hafi orðið á starfseminni árið 2010 þegar Íslandsstofa hóf störf og tók með samningi við verkefnum Ferðamálastofu á sviði erlendar markaðssetningar. Þrátt fyrir þetta komi Ferðamálastofa enn að markaðssetningu með ýmsum hætti. Þannig sitji ferðamálastjóri í fagraði ferðapjónustunnar hjá Íslandsstofu og sitji einnig stjórnarfundum í markaðsverkefninu „Ísland allt árið“ sem áheyrnarfulltrúi. Við þessar breytingar hafi Ferðamálastofu gefist svigrúm til að hlúa að öðrum verkefnum og hafi þau vaxið mjög að umfangi samhliða hinum mikla vexti innan ferðapjónustunnar. Í október 2015 hafi sameiginleg stefna atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Samtaka ferðapjónustunnar verið lögð fram. Ferðamálastjóri hafi setið í stýrihópi vegna mótunar þeirrar stefnu en á grunni hennar hafi verið stofnað til Stjórnstöðvar ferðamála sem eigi að sjá um að samhæfa þau verkefni sem skilgreind eru í stefnunni og tryggja framgang þeirra. Fjöldi verkefna heyri beint undir verksvið Ferðamálastofu.

Í bréfi ferðamálastjóra er gerð grein fyrir fimm megin þáttum í starfsemi Ferðamálastofu. Í fyrsta lagi hafi útgefnum leyfum innan ferðapjónustunnar fjölgað mikið frá árinu 2008. Virk leyfi til ferðaskipuleggjenda í lok árs 2008 hafi verið 115 en séu um þessar mundir 906. Virk leyfi til ferðaskrifstofa hafi verið 82 en séu nú 284. Fram kemur að umsýsla vegna leyfisveitinga og þjónusta við þá sem vilji hasla sér völl innan atvinnugreinarinnar sé sívaxandi þáttur í starfsemi Ferðamálastofu. Í öðru lagi hafi framkvæmdasjóður ferðamannastaða tekið til starfa á árinu 2011. Umfang hans hafi vaxið mikið og þar með umsýsla vegna hans en Ferðamálastofa hýsi sjóðinn og beri ábyrgð á rekstri hans. Önnur verkefni sem þessum málaflokki tilheyri varði meðal annars gerð umsagna af ýmsu tagi sem og verkefni sem Ferðamálastofa hafi tekið þátt í og tengist ferðaleiðum. Í „Vegvísi fyrir ferðapjónustuna“ séu umhverfis- og skipulagsmál ferðapjónustunnar sett í forgang og ljóst sé að sá þáttur starfseminnar muni vaxa á næstu árum. Í þriðja lagi hafi Ferðamálastofa síðan 2009 unnið að þróun og innleiðingu gæða- og umhverfiskerfis ferðapjónustunnar sem beri nafnið Vakinn en þar sé um að ræða eitt mikilvægasta verkefni Ferðamálastofu. Um 70 fyrirtæki taki nú þátt í verkefninu eða eigi þar aðild og um 80 fyrirtæki séu í úttektarferli. Þá kemur fram að í Vakanum séu skilgreind náms-, þjálfunar- og hæfniviðmið. Talið sé ljóst að kerfið muni vaxa mjög á næstu árum og vægi þess aukast. Í fjórða lagi sinni Ferðamálastofa samstarfi við svæðisbundin samtök, stofnanir og markaðsstofur landshlutanna og hafi tekið þátt í margvíslegum verkefnum sem varði svæðisbundna þróun. Stofnunin haldi utan um fjárhagslegan stuðning ríkisins við hagsmunaaðila úti um landið. Þessi þáttur í starfseminni hafi vaxið á undanförunum árum og hafi stofnunin sett af stað ýmis þróunarverkefni sem ætlað sé meðal annars að styrkja upplýsingaveitu til ferðamanna um allt land og fagmennsku innan ferðapjónustunnar auk þess að hlúa sérstaklega að þörfum sprotafyrirtækja í

greininni. Ferðamálastofa hafi á árinu 2014 sett fram hugmyndir um að gerðar verði stefnumótandi stjórnunarætlanir fyrir ferðaþjónustuna í hverjum landshluta og kynnt þær hugmyndir á fundum um landið árið 2015. Í fimmta lagi hafi Ferðamálastofa um árabíl sinnt ýmiss konar öflugun grunnagna fyrir ferðaþjónustuna. Frá árinu 2008 hafi þessi hluti starfseminnar verið eflur með ýmsum hætti og festa hafi komist á þær aðferðir sem beitt er við kannanir á væntingum og viðhorfum gesta. Þá hafi talning ferðamanna á Keflavíkurflugvelli verið kynnt með öflugri hætti en áður og útgáfa hafin á árlegum talnabæklingi Ferðamálastofu. Einnig hafi þróunarverkefni um væntingavísi innan íslenskrar ferðaþjónustu verið hrint af stað og væntingar íslenskra ferðamanna séu kannaðar á hverju ári. Þrátt fyrir þetta sé ljóst að enn skorti talnagögn fyrir atvinnugreinina og hafi Ferðamálastofa tekið virkan þátt í að móta framtíðarstefnu í þeim málum með Stjórnstöð ferðamála. Ferðamálastofa hafi einnig komið að stuðningi við aðrar rannsóknir á sviði ferðamála.

Í bréfinu segir jafnframt að ferðamálastjóri taki þátt í starfsemi Evrópska ferðamálaráðsins (ETC) fyrir hönd Íslands og sé nú varaforseti ráðsins. Hann sitji einnig í stjórn North Tourism Association fyrir hönd Íslands.

Með bréfum dagsettum 29. júní 2016 gaf kjararáð fjármála- og efnahagsráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindis ferðamálastjóra, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 16. ágúst 2016. Í bréfinu segir að ráðuneytinu sé ekki kunnugt um á hvern hátt starfsemi Ferðamálastofu hafi breyst eða aukist frá því kjararáð úrskurðaði síðast um laun ferðamálastjóra að öðru leyti en því sem fram komi í bréfi hans og telji ráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þess auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða skuli laun hans.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 15. júlí 2016. Í bréfinu segir að það sé skoðun ráðuneytisins að ferðamálastjóri eigi að njóta sömu launakjara og aðrir forstöðumenn ríkisstofnana með sambærilega ábyrgð, reynslu og vinnuálag. Jafnframt leggi ráðuneytið áherslu á að gætt sé að innbyrðis samræmi við ákvörðun á launakjörum forstöðumanna í stofnunum ríkisins.

Með bréfi dagsettu 31. ágúst 2016 fékk ferðamálastjóri send framangreind bréf ráðuneytanna til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdamum við efni þeirra. Í bréfi ferðamálastjóra dagsettu 6. september 2016 eru ekki gerðar athugasemdir við bréf ráðuneytanna.

### III.

Ferðamálastofa fer með framkvæmd ferðamála samkvæmt lögum nr. 73/2005 um skipan ferðamála og einnig eins og henni er falið með öðrum lögum. Ráðherra skipar ferðamálastjóra til fimm ára í senn og veitir hann Ferðamálastofu forstöðu. Ferðamálastjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

Tilgangur laga um skipan ferðamála er að stuðla að þróun ferðamála sem atvinnugreinar og mikilvægs þáttar í íslensku atvinnu- og mannlífi. Þjóðhagsleg hagkvæmni, menning þjóðarinnar, umhverfisvernd, fagmennska og neytendavernd verði höfð að leiðarljósi.

Verkefni Ferðamálastofu eru einkum útgáfa leyfa, skráning á starfsemi og eftirlit með að skilyrðum fyrir starfseminni sé fullnægt. Verkefni Ferðamálastofu eru einnig á sviði þróunar-, gæða- og skipulagsmála ferðaþjónustu, það er framkvæmd markaðrar ferðamálastefnu, samræming umhverfis- og fræðslumála, miðlun upplýsinga, svæðisbundin þróun og alþjóðlegt samstarf. Ferðamálastofa fer með markaðs- og kynningarmál ferðaþjónustu í samræmi við ákvörðun ráðherra hverju sinni. Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um hlutverk og starfshætti Ferðamálastofu og einstök verkefni hennar. Ferðamálastofu er heimilt með samþykki ráðherra að fela öðrum að annast ákveðin verkefni og vera aðili að samstarfsverkefnum, þar á meðal eiga eignarhluta í fyrirtækjum sem starfa á ákveðnum sviðum.

Stjórnsýsluákvörðunum Ferðamálastofu, svo sem synjun á útgáfu ferðaskipuleggjanda- eða ferðaskrifstofuleyfis, ákvörðun um brottfall leyfis eða ákvörðun um til hvaða flokks þjónusta heyrir samkvæmt lögum um skipan ferðamála, má skjóta til ráðuneytisins.

Ferðamálastofa innheimtir gjald fyrir útgáfu starfsleyfa og skráningu á starfsemi samkvæmt gjaldskrá staðfestri af ráðherra. Við gjalddöku skal taka mið af kostnaði við veitingu þjónustunnar.

Ferðamálastjóri situr fundi ferðamálaráðs með málfrelsi og tillögurét.

#### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skuli kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður tekið ákvörðun um laun ferðamálastjóra en kjaranefnd ákvað honum laun 28. mars 2006. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjararáðs. Hér að framan er greint frá starfsemi Ferðamálastofu og því hvernig hún hefur þróast og aukist að umfangi. Með hliðsjón af framansögðu og að teknu tilliti til þess innbyrðis samræmis sem kjararáði ber að hafa að leiðarljósi og áður er getið hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör ferðamálastjóra skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

#### V.

##### Ákvörðunarorð

Frá og með 1. júlí 2016 skulu mánaðarlaun ferðamálastjóra vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 135, nú 925.856 krónur. Að auki skal greiða honum 30 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokk 502-136, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör ferðamálastjóra gilda reglur kjararáðs frá 17. nóvember 2015.

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Hulda Árnadóttir

---

Svanhildur Kaaber